



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 13. nóvember 2019 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Kristín B. Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ólafur Þór Ólafsson sat fundinn undir fyrsta dagskrárlið.

Guðmundur Egill vék af fundi kl 11:40.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsáætlun 2020-2023 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árin 2020-2023 til fyrri umræðu. Fjárhagsáætlun 2020 var annars vegar tekin til umræðu og hins vegar fjögurra ára áætlun 2020-2023. Sveitarstjóri og Ólafur Þór Ólafsson bókari sveitarfélagsins fóru yfir og gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum áætlunar. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginatriði hennar og áherslur. Samþykkt var að vísa framlagðri áætlun til annarrar umræðu.

#### 2. Sala íbúða í eigu sveitarfélagsins

- a. **Mánabraut 3:** Fyrir fundinum lá samþykkt kauptilboð í íbúð í eigu sveitarfélagsins að Mánabraut 3. Sveitarstjórn samþykkti sölu eignarinnar og fól sveitarstjóra að undirrita kaupsamning.
- b. **Mánabraut 1:** Samþykkt var að setja eign sveitarfélagsins að Mánabraut 1 á sölu og var sveitarstjóra falið að annast það.

#### 3. Bréf

##### a. Nes Listamiðstöðvar dags. 24.09.2019

Fyrir fundinum lá erindi Nes listamiðstöðvar þar sem óskað er eftir samstarfi við Sveitarfélagið um þróun listamiðstöðvarinnar og hliðargreinar tengdum henni. Óskað er eftir því við sveitarstjórn að skipaður verði starfshópur í samstarfi við stjórn Nes listamiðstöðvar og að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna ráðgjafavinnu vegna verkefnisins við gerð fjárhagsáætlunar. Sveitarstjórn ræddi verkefnið og tók vel í erindið en taldi ekki forsendur til þess að verða við beiðninni er varðar kostnað við ráðgjafavinnu. Sveitarstjórn taldi þó tækt að taka þátt í slíku samvinnuverkefni



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

ef að Nes listamiðstöð getur aflað styrkja fyrir hluta af verkefninu. Var sveitarstjóra falið að ræða við Nes um málefnið.

**b. Lárusar Ægis Guðmundssonar dags. 15.10.2019**

Með erindinu áréttar Lárus Ægir erindi sem áður var til umfjöllunar í sveitarstjórn þann 8. mars sl. og óskar eftir því að við fjárlagagerð ársins verði gert ráð fyrir fjármagni til að framkvæma frekari rannsóknir um líklega fyrstu minjar um byggð á Skagaströnd. Stjórn Spákonufellskirkjugarðs hóf þessa vegferð árið 2018 með rannsóknir á Fellstúni neðan við núverandi kirkjugarð. Sveitarstjórn ræddi málið en taldi ekki tækt að verða við erindinu að sinni.

**c. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 01.11.2019**

Með bréfinu sendir Samband íslenskra sveitarfélaga uppfærðar forsendur vegna vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlana til þriggja ára. Bréfið var til kynningar.

**d. Markaðsstofa Norðurlands dags. 28.10.2019**

Með bréfinu kynnir Markaðstofa Norðurlands þær athugasemdir sem stofnunin sendi inn í samráðsgátt vegna þeirra draga sem birt hafa verið um Flugstefnu Íslands sem fylgiskjal með nýrri Samgönguáætlun sem og athugasemdir við Samgönguáætlun 2020-2034 (og 2020-2024). Bréfið var til kynningar.

**e. Landssamtakanna Þroskahjálpar dags. 03.10.2019**

Með bréfinu senda Landssamtökin Þroskahjálpar fyrirspurn til félagsmálaráðuneytis í tengslum við þá ákvörðun hluta aðila að samningi um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra um að endurnýja ekki gildandi samning er hann rennur sitt skeið. Sveitarstjórn áréttar að verið sé að vinna að nýju samkomulagi í málaflokknum og lýsir yfir þeirri von sinni um að málið hljóti farsælar lyktir á meðal aðildarsveitarfélaga.

**f. Mennta- og menningarmálaráðuneytis dags. 29.10.2019**

Með bréfinu minnir ráðuneytið á að Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur í 24. sinn laugardaginn 16. nóvember nk. Bréfið var til kynningar.

**g. Minjastofnunar Íslands dags. 22.10.2019**

Með erindinu er auglýst eftir umsóknnum um styrki í húsfriðunarsjóð fyrir árið 2020. Bréfið var til kynningar.





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

**h. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30.10.2019**

Með bréfinu er send hvatning til sveitarfélaga sem ekki hafa sett sér jafnréttisáætlanir að gera slíkt hið sama. Þá er vakin athygli á tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og lögð áhersla á að sveitarfélög uppfylli sínar skyldur skv. jafnréttislögum. Sveitarfélagið Skagaströnd hefur skilað inn fullgildri jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Málið var til kynningar.

**i. Saga Film og Félags Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi dags. 29.05.2019**

Með erindinu bjóða Saga Film og Félag Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi upp á að gera samning við sveitarfélagið um afnotarétt af þáttaröðinni „Hvað höfum við gert?“ til sjö ára. Sveitarstjórn ræddi erindið og fól sveitarstjóra að gera samning um efnið.

**j. Körfuboltaskóla Norðurlands vestra dags. 23.10.2019**

Með erindinu óskar körfuboltaskóli Norðurlands vestra eftir því að sveitarfélagið styrki starf hans um 150.000 kr. fyrir þetta skólaár. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að verða við erindinu.

**k. Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 04.11.2019**

Með bréfinu eru kynntar leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla. Bréfið var til kynningar.

**l. Hólaneskirkju dags. 21.10.2019**

Með bréfinu er óskað eftir styrk til þess að styðja við barna- og æskulýðsstarf Hólaneskirkju á Skagaströnd. Sveitarstjórn tók vel í erindið og samþykkti að veita styrkinn.

**m. Stígamóta dags. 10.10.2019**

Með bréfinu óska Stígamót eftir samstarfi um reksturinn fyrir komandi ár. Sveitarstjórn ræddi erindið en taldi ekki tækt að verða við erindinu að sinni.

**n. Capacent dags. 02.09.2019**

Með bréfinu kynnir Capacent þjónustu sem felur í sér vinnu við forskoðun og mat á væntanlegum ávinningi af sameiningu sveitarfélaga þegar kemur að breytingum á fjárhag og þjónustu. Óskað er eftir fundi með sameiningarnefnd/sveitarstjórnnum til þess að kynna þá aðstoð sem Capacent hefur upp á að bjóða. Sveitarstjórn vísaði erindinu til Sameiningarnefndar A-Hún.

**o. Tónlistarskóla Austur - Húnvetninga dags. 25.09.2019**

Með erindinu er send fundargerð Byggðasamlags um Tónlistarskóla Austur Húnvatnssýslu ásamt fylgigögnum frá 24. okt. sl. sem og ársreikningur



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

byggðasamlagsins v. 2018. Þá er lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2019. Sveitarstjórn ræddi viðaukann og samþykkti svo einróma. Að öðru leyti voru fundargerð og ársreikningur lögð fram til kynningar.

#### 4. Fundargerðir

**a. Siglingaráðs dags. 5. september 2019**

Fundargerð varð til kynningar.

**b. Samráðsnefndar Fiskistofu og Hafnarsambands Íslands dags. 5. júní 2019**

Fundargerð var til kynningar

**c. Skólanefndar FNV dags. 15. október 2019**

Fundargerð var til kynningar

**d. Samstarfsnefndar persónuverndarfulltrúa sveitarfélaga dags. 17. október 2019**

Fundargerð var til kynningar

**e. Almannavarnarnefndar dags. 23. október 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**f. Stjórnar SSNV, dags. 5. nóvember 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**g. Haustþings SSNV, dags. 18. október 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**h. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 18. október 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**i. Fræðslunefndar dags. 5. júní 2019**

Fundargerð var til kynningar

**j. Fræðslunefndar dags. 30. október 2019**

Fundargerð var til kynningar.

**k. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 28. október 2019**

Fundargerð hafnar og skipulagsnefndar lögð fram til afgreiðslu:

**Liður 2. a) Umsókn Guðjóns Bjarnasonar um úthlutun lóðar nr. 6 vestan við Hólanesveg.**

Fyrir fundinum lá umsókn Guðjóns Bjarnasonar f.h. Geymd ehf. dags. 25. október 2019 sem sækir um úthlutun á byggingarlóð nr. 6. vestan við Hólanesveg til byggingar á einbýlishúsi en í umsókn kemur fram að líklega verði um innflutt einingahús að ræða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2020 og byggingartími verði 2 ár. Lóðin sem um ræðir var auglýst skv. ákvörðun sveitarstjórnar með afslætti af öllum gatnagerðargjöldum háð því að byggingarframkvæmdir verði hafnar innan árs og að bygging hafi hlotið foheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjanda lóðina til byggingar einbýlishúss en jafnframt eru samþykkt þau tímamörk lóðarúthlutunar að framkvæmdir skuli hafnar innan árs.

***Bókun sveitarstjórnar:***

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.*

**Liður 2. b) Umsóknir Ólafs Ingibjörnssonar og Hrannar Árnadóttur um úthlutun lóðar að Stóra-Bergi austan við Iðavelli og til vara lóð að Oddagötu 3**

Fyrir fundinum lá umsókn Ólafs Ingibjörnssonar og Hrannar Árnadóttur dags. 21. október 2019 sem sækja um úthlutun á lóð að Stóra Bergi austan við Iðavelli til byggingar einbýlishúss. Umrædd lóð var ekki hluti af þeim lóðum sem sveitarstjórn ákvað að úthluta með afslætti af gatnagerðargjöldum. Þá er lóðin skilgreind sem opið svæði á aðalskipulagi. Taldi nefndin ekki tækt að úthluta lóðinni til byggingar á íbúðahúsi og hafnaði umsókninni.

Nefndin samþykkti að úthluta umsækjanda lóðina að Oddagötu 3 til byggingar einbýlishúss með afslætti af gatnagerðargjöldum eins og sveitarstjórn boðaði og skv. þeim skilmálum sem lagt var upp með sbr. liður. 2.a) hér að ofan.

***Bókun sveitarstjórnar:***

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.*

**Liður 2. c) Umsókn Terra ehf. vegna stækkunar á gámaplani að Vallarbraut 2.**

Fyrir fundinum lá lóðauppdráttur unnin af Verkfræðistofunni Stoð vegna beiðni um stækkun á gámaplani að Vallarbraut 2. Fyrirliggjandi breytingar miðast við að





Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

gámaplanið verði stækkað um 30 m til suðurs frá afstöðu plansins í dag. Sveitarfélagið er eigandi aðliggjandi lóða.

Nefndin staðfesti fyrirbyggjandi lóðamörk og samþykkir stækkun á lóð sem tekin verður af Ræktunarlandi 49.

**Bókun sveitarstjórnar:**

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.*

**Liður 2.d) Erindi Jóns Garðars Sveinssonar vegna uppsetningu skjólveggja eða manar austan við stöðuhýsi að Hólabergi.**

Fyrir fundinum lá erindi Jóns Garðars Sveinssonar og skissur af fyrirhugðum skjólveggjum annars vegar og mön hins vegar. Samkvæmt eiganda húsanna þarf að ráðast í að setja upp slíkan skjólvegg eða mön til þess að verja húsin fyrir veðrum og vindum. Nefndin samþykkti að veita leyfi til byggingar á skjólvegg sem nær að hluta utan lóðar og á vegenda. Útfærsla, staðsetning og framkvæmd skal unnin í samráði við byggingafultrúa.

**Bókun sveitarstjórnar:**

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.*

**Liður 2. e) Þjóðskógur á Skagaströnd**

Afmörkun á landsvæði; tillaga að lóðarmörkum til staðfestingar.

Fyrir fundinum lá tillaga að afmörkun landsvæðis vegna skógræktar í sveitarfélaginu en fyrirhugað er að gróðursetja þjóðskóg í samvinnu við Skógræktina. Nefndin samþykkti fyrirbyggjandi lóðarmörk.

**Bókun sveitarstjórnar:**

*Afgreiðsla hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.*

**I. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. október 2019**

Fundargerð var til kynningar.





## 5. Önnur mál

- a. Skipun varamanns í Almannavarnarnefndar Húnavatnssýslna: Sveitarstjórn ákvað að skipa Halldór Gunnar Ólafsson sem varamann.


Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00

  
Halldór G. Ólafsson

  
Róbert Kristjánsson  
  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Péturína L. Jakobsdóttir

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Alexandra Jóhannesdóttir